

Frumvarp til laga

um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73 18. maí 1990.

(Eftir 2. umr., 9. maí.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
Ráðherra er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
Iðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbots- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfis-áhrifum.

5. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímalengd leyfis, staðarmörk vinnsluvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfissráðstafanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.
Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.